

Erindisbrjef

fyrir

umsjónarmenn með útflutningi hrossa.

1. gr.

Þeir, sem falin er umsjón með útflutningi hrossa, skulu, áður en þeir taka til starfa, hafa aflað sjer nauðsynlegrar þekkingar og æfingar í að dæma aldur, galla og gæði hrossa hjá lögskipuðum dýralækni eða á annan hátt, sem stjórnarráðið tekur gildan.

2. gr.

Umsjónarmennirnir skulu hver í sínu umdæmi skoða nákvæmlega öll þau hross, sem flytja á á útlendan markað, og gæta þess, að ekki sjeu flutt út mögur hross og illa útlitandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt eða með öðrum verulegum lýtum og göllum, en veruleg eru lýti og gallar, þegar þau spilla að mun útliti hrossins eða rýra brúkunar og notagildi þess. Fylfullar merar, sem líkindi eru til að kasti á leiðinni, skulu kyrsettar.

Þeir skulu gæta þess, að út sjeu ekki flutt hross yngri en 4 vetra og eldri en 10 vetra; þó mega þeir leyfa útflutning á 3 vetra hrossum, sjeu þau stór og falleg útlits.

Þeir skulu sjá um, að útflutt hross sjeu tamin eða að minsta kosti bandvön.

3. gr.

Þeir, sem senda ætla hross til sölu á útlendum markaði, skulu tilkynna það umsjónarmanni með að minsta kosti dags fyrirvara, og sjeu hrossin mörg, sem flytja á út í einu, getur umsjónarmaður krafist þess að fá þau til skoðunar einum eða tveim dögum áður en þeim skal skipað út. Útflytjandi er skyldur að láta umsjónarmanni í tje næga aðstoð við skoðunina.

4. gr.

Umsjónarmennirnir skulu hafa eftirlit með útskipun hrossanna, að hún fari svo úr hendi, að hrossin verði ekki fyrir óþarflega slæmri meðferð. Þeir skulu sjá um, að útbúnaður skipsins, vatns- og fóðurbirgðir, fullnægi fyrir mælum

145 laganna og reglugerðar þeirrar, sem þar um er sett, og skulu þeir rita á skips-
22. des. skjölin vottorð um það.

5. gr.

Umsjónarmennirnir skulu senda stjórnarráðinu við lok hvers árs skýrslu um tölu útfluttra hrossa og hvenær og með hvaða skipum þau hafa verið flutt. Þeir skulu einnig senda skýrslu um tölu kyrsettra hrossa og skýra frá kyrsetningarsök hvers fyrir sig.

6. gr.

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn þóknun úr landssjóði, sem veitt er á fjárlögunum, en fyrst um sinn er ákveðin 25 aurar fyrir hvert hross, sem þeir meta til útflutnings, hvort sem það er flutt út eða kyrsett; þó skal þóknunin aldrei fara fram úr 400 krónum á ári.

Umsjónarmönnum er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá eigendum eða útflytjendum hrossanna, frá skipstjórum eða öðrum, sem við skip það eru riðnir, sem þau eru flutt út á.

7 gr.

Umsjónarmennirnir mega ekki hafa umsjón eða eftirlit af hálfu hins opinbera við útflutning hrossa, sem þeir sjálfir eiga eða láta flytja út; þeir mega ekki heldur vera í þjónustu hrossakaupamanna eða annara, sem hafa útflutning hrossa með höndum.

8. gr.

Nú á að flytja hross út frá kauptúni, þar sem ekki hefir verið skipaður umsjónarmaður, samkvæmt lögum nr. 73 frá 22. nóv. 1907, og er þá umsjónarmaður sá, sem næst býr, skyldur að skoða hrossin og hafa umsjón og eftirlit með útflutningi þeirra. Þegar svona stendur á, fær umsjónarmaður úr landssjóði, auk venjulegrar þóknunar, sanngjarnan ferðakostnað og fæðispeninga, 2 kr. á dag, meðan hann hefir þurft að vera að heiman í þessum erindum.

9. gr.

Umsjónarmennirnir teljast sýslunarmenn og fer því um brot á skyldum þeirra sem um brot annara sýslunarmanna.

3. gr.

145

Umsjónarmennirnir verða að sætta sig þær breytingar, sem kunna að 22. des. verða gerðar á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 22. desember 1908.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

146

24. des.

Auglýsing

um samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík.



Samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, sbr. lög nr. 17, 13. september 1901 og lög nr. 86, 22. nóvember 1907, hefir stjórnarráðið staðfest eftirfarandi samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefir samið og samþykkt:

I.

Um stjórn og framkvæmdir á bæjarmálefnum.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 15 kjörnum fulltrúum, auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

2. gr.

Sjerstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum, sem bæjarstjórnin kýs. Þessar nefndir eru:

- 1) Fjárhagsnefnd.
- 2) Fasteignanefnd.
- 3) Fátækranefnd.
- 4) Byggingarnefnd.
- 5) Veganefnd.
- 6) Brunamálanefnd.
- 7) Hafnarnefnd.
- 8) Vatnsnefnd.

Ennfremur kýs bæjarstjórnin 5 menn í skólanefnd, 2 menn í skattanefnd, 1 mann í heilbrigðisnefnd og 1 mann í stjórn Fiskimannasjóðsins.

Þeir, sem kosnir eru í nefndirnar, fara frá annað hvort ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, en þó má endurkjósa þá. Kosning skólanefndarmanna gildir um 3 ár.